

1865.
14. marz.

borgun sú, er hann hefir krafizt, eður ekki, og ef að stjórnarráðið ekki álfíti, að honum beri borgun fyrir alla úttektargjörðina, hefir hann beðið um, að sèr að minnsta kosti sè veitt borgun fyrir þann hluta úttektarinnar, sem fór fram árið 1860.

Eptir að dómsmálastjórninni höfðu borizt ítarlegri skýrslur um málefni þetta með bræfi yðar dags. 15. septembermán. f. á., og skrifazt hefir verið á við reikningastjórnardeild konungsríkisins um það, skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr gjörið ráðstafanir þær, sem þörf er á, að Stefáni sýslumanni Bjarnarsyni ber í fæðispeninga 1 ríkisdalur á dag fyrir úttektargjörð þá, sem hann hélt árið 1860, þá er nokkrar af umboðsjörðum þeim, er fyr var um getið, voru afhentar þorláki sáluga Blöndal umboðsmanni, og að einnig ber að endurgjalda honum ferðakostnað hans við úttektargjörðina, en amtið á, samkvæmt 16. grein í aukatekjureglugjörðinni frá 10. septembermán. 1830, að ákveða upphæð endurgjaldsins fyrir ferðakostnaðinn. Aptur á móti verður sýslumanninum ekki veitt nein borgun fyrir úttektargjörðina, sem hann hélt árið 1861 á hinum umboðsjörðunum, eptir að búíð var að skipa hann sjálfan til umboðsmanns.

Reikning þann, er fylgdi með bænarskrá Stefáns sýslumanns Bjarnarsonar, sendum vèr yður aptur.

16. marz. 22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenzka bókmentafélags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

Í sambandi við bréf dómsmálastjórnarinnar frá 23. aprílmán. f. á.¹ skal það hërmeð kunngjört Deild hins íslenzka bókmentafélags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt félaginu 150 ríkisdala styrk til að halda áfram að gefa út „Tíðindi

¹) Smbr. 36. bls. hèr að framan.

um stjórnarmálefni Íslands", og hefir í dag verið hlutast til um, að fê þetta verði greitt fêhirði félagsins, Stephensen etazráði, úr aðalfêhirzlu ríkisins.

1865.
16. marz.

23. Brêf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa Vestmannaeyingum til að kaupa þilskip.

18. marz.

Eptir að dómsmálastjórninni höfðu borizt með brêfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 5. júlímán. f. á., ítarlegri skýrslur viðvíkjandi bænaraskrá, er áður hafði verið send hingað, um lán úr ríkissjóðnum handa Vestmannaeyingum til þess að kaupa þilskip til fiskiveiða, og eptir að skrifast hafði verið á við fjárstjórnina um málefni þetta, hlutaðist dómsmálastjórnin til um, að stungið var uppá í frumvarpinu til fjárhagslaganna, að lánið væri veitt. Í fjárhagslögunum fyrir fjárhagsárið 1865—66, er staðfest voru 17. þ. m., hefir Vestmannaeyingum nú verið veitt 1200 ríkisdala lán í þessu skyni, með þeim skilmálum, að sett sé veð eða áreiðanlegur ábyrgðarmaður fyrir láninu, að borgaðir séu 4 ríkisdalir af hundræði hverju á ári í leigur, og að það sé borgað aptur á fjórum árum þannig, að fjórði partur sé borgaður á hverju ári.

Þetta birtist yður hêrmeð, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þêr auglýsið það, og vonast dómsmálastjórnin eptir, að þêr munið sjá svo um, að lánið sé ekki greitt af höndum, fyr en sett hefir verið fullt veð fyrir því, og að leigurnar og lánið sjálft sé borgað aptur á tilteknum tíma í jarðabókarsjóð Íslands. Vêr búumst við að fá skýrslu um, í hverju veðið fyrir láninu sé fólgið.